

**Fundargerð skipulagsnefndar UTU
267. fundur skipulagsnefndar UTU
haldinn í Aratungu miðvikudaginn 11. október 2023
og hófst hann kl. 14:15**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Björn Kristinn Pálmarrsson, Jón Bjarnason, Walter Fannar Kristjánsson, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson, Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi, Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi og Elísabet D. Erlingsdóttir aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa.

Fundargerð ritaði: Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi

Dagskrá:

Ásahreppur:

1. Sigöldustöð; Skipulagssvæði sameinuð; Deiliskipulag - 2212066

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Sigöldustöðvar í Ásahreppi og Rangárþingi ytra eftir auglýsingu. Deiliskipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun og heimila stækkun stöðvarinnar. Í dag er virkjað rennsli 240 m³ /s og afl Sigöldustöðvar er 150 MW. Framkvæmdir við stöðina hófust árið 1973 og var hún gangsett í byrjun árs 1978. Landsvirkjun áformar nú að stækka stöðina með því að bæta við fjórðu vélinni og auka með því afl stöðvarinnar í allt að 215 MW. Auk þess verður stöðvarhús stækkað og frárennisskurður breikkaður næst stöðvarhúsi. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá voru fornminjar skráðar. Skipulagssvæði Sigöldustöðvar er um 108 ha að stærð. Gerðar voru breytingar á gögnum skipulagsins eftir auglýsingu, samantekt breytinga kemur fram í lið 6.5 innan greinargerðar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við hreppsnefnd Ásahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bláskógabyggð:

2. Íshellir í Langjökli; Skilgreining afþreyingar- og ferðamannasvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2304027

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar er varðar skilgreiningu nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis á Langjökli. Ferðaþjónustufyrirtæki sem starfrækt eru á svæðinu bjóða uppá jöklaferðir og vilja geta boðið upp á íshellaskoðun allt árið um kring með því að gera manngerða íshella í Langjökli. Nú þegar er eitt skilgreint svæði fyrir manngerðan íshelli á jöklinum. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður gert nýtt deiliskipulag þar sem gerð verður grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og settir fram skilmálar um landnotkun

og landnýtingu, skilgreind lóð fyrir manngerðan íshelli sem verður nýttur til ferðapjónustustarfsemi og vernd náttúru- og menningarminjar. Svæðið sem um ræðir fyrir íshellinn er innan þjóðlendu og er í um 1.100 m h.y.s. og er ofan jafnvægislínu í suðurhlíðum Langjökuls. Fyrirhugaður íshellir er alfarið utan hverfisverndaðs svæðis við Jarlhettur. Skipulagssvæðið er alfarið á jökli og er aðkoma að jöklinum eftir vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi, á Bláfellshálsi.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna skilgreiningar á afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um uppfærslu gagna. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

3. Lindargata 8 (L201912); byggingarheimild; sumarhús - 2309087

Móttækin er umsókn þ. 23.09.2023 um byggingarheimild fyrir 128 m² sumarhúsi á sumarbústaðalandinu Lindargötu 8 L201912 í Bláskógabyggð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Mælist nefndin til þess að öllum aðliggjandi lóðarhöfum við Lindargötu 8 verði grenndarkynnt málið.

4. Einiholt 1 land 1 L217088; Stækkun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting - 2110062

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóða Einiholts 1 lands 1 L217088 og Mels L224158 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit B-1 á lóðinni Melur og heimild til að byggja allt að 300 fm þjónustuhúsnæði innan stækkunar ásamt heimild til að stækka núverandi þjónustuhús fyrir rafbíla úr 80 fm í 110 fm. Einnig er gert ráð fyrir stækkun á byggingarreit B-3 og heimild til að byggja allt að 300 fm þjónustuhúsnæði innan stækkunar. Auk þess er bætt við byggingarreit B-4 á spildunni Einiholt 1 land 1 þar sem byggja má allt að 800 fm þjónustuhúsnæði.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagðar deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5. Úthlíð L167514; VP15 Breyttar heimildir; Aðalskipulagsbreyting - 2209074

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 innan jarðarinnar Úthlíð eftir auglýsingu. Breytingin snýr að því að hluta verslunar- og þjónustusvæðisins verður breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði þar sem heimild verður fyrir hjólhýsasvæði og tjaldsvæði. Þá verður afmörkun verslunar- og þjónustusvæðisins breytt og byggingarheimildir uppfærðar. Í Úthlíð er mikil frístundabyggð og einnig ýmiss konar þjónustustarfsemi tengd henni. Markmiðið með breytingunni er að efla starfsemi og þjónustu í Úthlíð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar og telur nefndin að brugðist hafi verið við umsögnum með fullnægjandi hætti innan greinargerðar skipulagsbreytingarinnar þar sem við á líkt og fram kemur innan kafla 6.3. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. Haukadalur III; Frístundabyggð; Deiliskipulag - 2212020

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis og golfvallar í landi Haukadals III eftir auglýsingu. Í skipulaginu felst skilgreining lóða og byggingarheimilda innan svæðisins. Skipulag vegna þess hefur áður hlotið málsmeðferð hjá sveitarstjórn 2003 sem ekki hefur tekið gildi með birtingu í B-deild. Er því uppfært skipulag lagt fram til afgreiðslu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna eins og tiltekið er í kafla 8. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. Reykholt; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2306088

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027 innan þéttbýlisins í Reykholti. Á Skólavegi 1 í Reykholti er starfrækt 40 herbergja hótél og er stefnan að stækka það í 120 herbergi á þremur hæðum. Gatan Tungurimi hefur verið hönnuð og var færð um 15 m til norðvesturs, landnotkun og lóðir umhverfis götuna eru aðlagðar að breyttri legu hennar. Þá verður gamla leikskólanum á Reykholtubrekku 4 breytt úr samfélagsþjónustu í verslunar- og þjónustusvæði.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. Úthlíð 1 L167180; Frístundabyggð svæði 5a; Deiliskipulag - 2302034

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til hluta frístundabyggðar í landi Úthlíðar 1 L167180 eftir auglýsingu og yfirferð Skipulagsstofnunar. Innan svæðisins sem deiliskipulagið tekur til eru lóðir við göturnar Djáknahlíð, Djáknavveg, Djáknabrúnir, Mosabrúnir og Mosaskyggni. Á svæðinu er deiliskipulag í gildi og við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi sá hluti sem tekur við framlagðs deiliskipulags innan núgildandi deiliskipulags, samhliða er því lögð fram óveruleg breyting á deiliskipulagi sem tekur til svæðisins. Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við gildistöku skipulagsins og eru þær athugasemdir lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt andsvara og uppfærðra gagna.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum, viðbrögðum og rökstuðningi sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Nefndin

mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Flóahreppur:

9. Hraungerði L166237; Heiðargerði 5B; Stofnun lóðar - 2305030

Lögð er fram beiðni um stofnun landeignar úr landi Hraungerðis L166237. Um er að ræða um 12 ha land, Heiðargerði 5B, sem hefur aðkomu um iðnaðar- og athafnasvæði við Heiðargerði.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landeignarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Walter Fannar Kristjánsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

10. Mjósýndi (L166367); byggingarheimild; sumarbústaður - 2305079

Fyrir liggur umsókn Friðriks Ólafssonar um byggingarheimild fyrir hönd Önnu L. Gunnarsdóttur og Grétar G. Halldórssonar, móttækin 22.05.2023, fyrir 121,5 m² sumarbústað á jörðinni Mjósýndi L166367 í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

11. Hnaus land 4 L213875; Sólbrekka; Breytt heiti lóðar - 2310012

Lögð er fram umsókn frá Sigurði Erni Sigurðssyni er varðar breytt staðfang lóðarinnar Hnaus land 4 L213875. Í umsókninni felst að landið fái staðfangið Sólbrekka.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við breytingu á staðfangi landsins og mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið verði samþykkt.

12. Eystri - Loftstaðir 10 L227155 og 12 L227157; Sameining lóða og byggingarskilmálar; Deiliskipulag - 2308006

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða Eystri-Loftstaða 10 og 12. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, gestahús, skemmu og hesthús. Jafnframt gerir skipulagið ráð fyrir að heimilt verði að sameina lóðirnar í eina lóð. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum þann 5.9.23. Lögð eru fram uppfærð gögn við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Grímsnes- og Grafningshreppur:

**13. Hraunbraut 13 L204129; Fjölbýlishús í raðhús; Skilmálabreyting;
Deiliskipulagsbreyting - 2310003**

Lögð er fram beiðni um breytingu á deiliskipulagi að Borg í Grímsnesi. Í breytingunni felst að skilmálum er varðar heimild fyrir byggingu fjölbýlishúss á lóðinni Hraunbraut 13-15 verði breytt í raðhús.

Skipulagsnefnd UTU vísar málinu til umræðu í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps.

14. Hæðarendi lóð (L168828); byggingarheimild; sumarhús-stækkun - 2309095

Móttækin er umsókn þ. 26.09.2023 um byggingarheimild fyrir 56,5 m² stækkun á sumarbústað á sumarbústaðalandinu Hæðarendi lóð L168828 í Grímsnes og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarbústaðnum eftir stækkun verður 104,5 m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Að mati skipulagsnefndar telst Berjaholtslækur ekki vera á í skilgreiningu skipulagsreglugerðar gr. 5.3.2.14 og gilda því ekki takmarkanir er varðar 50 m fjarlægð frá ám, vötum eða sjó utan þéttbýlis.

**15. Kerhraun C77 og C78; Stækkun byggingarreits og breytt aðkoma;
Deiliskipulagsbreyting - 2310002**

Lögð er fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóða Kerhrauns C77 og C78. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar og aðkoma að lóð breytist lítillega.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

**16. Brjánsstaðir land 1 L200776; Smámýrarvegur; Skipting lóða;
Deiliskipulagsbreyting - 2309082**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Brjánsstaði land 1 L200776 við Smámýrarveg. Í breytingunni felst beiðni um uppskiptingu lóða.

Skipulagsnefnd vísar til almennra skilmála aðalskipulags þar sem segir að almennt sé óheimilt að skipta upp eða sameina frístundalóðir í þegar byggðum frístundahverfum, nema í tengslum við heildarendurskoðun eða gerð nýs deiliskipulags. Þar sem nýtt deiliskipulag fyrir svæðið tók gildi nýlega telur skipulagsnefnd ekki forsendur fyrir því að viðkomandi breyting verði samþykkt. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að málinu verði synjað.

17. Stóra-Borg lóð 8 L218052, Stóra-Borg lóð 8A L218987, Stóra-Borg lóð A L218986; Borgarhóll L168437; Sameining og stækkun lands - 2310017

Lagt er fram lóðablað unnið af Eflu, f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps, sem sýnir afmörkun Stóru-Borgar lóð 8 L218052 eftir stækkun. Óskað er eftir því að Stóra-Borg lóð 8A L218987 og Stóra-Borg lóð A L218986 sameinist við Stóru-Borg lóð 8 ásamt því að stofnuð verði viðbótarspilda úr Borgarhóli L168437 sem einnig sameinast við lóð 8 sem verður 31,3 ha eftir sameiningu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun viðbótarspildu og stækkun landsins skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykki erindið.

18. Villingavatn lóðir (Stekkas eða Sandur 1-21) L170963-964, L170968, L170970-971, L170974, L170976-977, L208068; Villingavatn L170831; Stækkun lóða - 2304026

Lögð er fram umsókn um stækkun 9 lóða í landi Villingavatn skv. meðfylgjandi lóðablöðum. Viðbótarlóðirnar koma úr landi Villingavatns L170831. Jafnframt er óskað eftir að lóðirnar sem stækka fái nýtt staðfang og viðeigandi númer eins og fram kemur á lóðablöðum. Óskað er eftir staðvísinum Stekkás en Sandur til vara.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðanna skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn og samþykki lóðareigenda og eigenda aðliggjandi lóða fyrir hnitsetningu, þar sem við á. Mælist nefndin til þess að notast verði við staðvísinn Stekkás. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykki erindið.

19. Minna-Mosfell L206810; Skógrækt; Framkvæmdarleyfi - 2307044

Lögð er fram umsókn frá IceWild ehf. er varðar framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Minna-Mosfells. Um er að ræða alls 91,5 ha svæði. Með umsókn er lögð fram ræktunaráætlun.

Skipulagsnefnd UTU bendir á að viðkomandi svæði liggur að svæði sem telst til skógræktar og landgræðslusvæðis samkvæmt aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Að mati skipulagsnefndar samræmist núverandi landnotkun svæðisins sem frístundasvæði ekki framlagðri umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt. Mælist nefndin til þess að landnotkun svæðisins verði breytt í samræmi við fyrirhugaða notkun. Skipulagsnefnd mælist til þess að útgáfu framkvæmdaleyfis verði synjað.

20. Hraunkot; Hraunborgir; Frístundasvæði; Endurskoðað deiliskipulag - 2205021

Lögð er fram tillaga deiliskipulags frá Sjómannadagsráði er varðar deiliskipulag frístundasvæðis í Hraunkoti eftir auglýsingu. Málið var kynnt sem breyting á deiliskipulagi. Eftir kynningu var tekin ákvörðun um að leggja fram tillögu sem tekur til heildarendurskoðunar á deiliskipulagi svæðisins. Við gildistöku nýs deiliskipulags fellur núverandi skipulag svæðisins úr gildi. Í breytingunni felst meðal annars fjölgun lóða. Stærðum aðal húss og geymslu- og gestahúsa er breytt og þau stækkuð. Skipulagssvæðin eru tvö í dag, A og B, en verða sameinuð í eitt skipulagssvæði. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum og samantekt á viðbrögðum.

Skipulagsnefnd UTU telur að innan framlagðra samantekt andsvara og umsagna sé með fullnægjandi hætti gert grein fyrir andsvörum vegna þeirra athugasemd sem bárust vegna málsins. Hins vegar telur skipulagsnefnd nauðsynlegt að fjalla nánar um þjónustumiðstöð og tjaldsvæði svæðisins og starfsemi hennar. Mælist nefndin því til þess við sveitarstjórn að afgreiðslu málsins eftir auglýsingu verði frestað og að skipulagsfulltrúa verði falið að annast samskipti við málsaðila og rekstraraðila viðkomandi starfsemi er varðar nánari umfjöllun um viðkomandi starfsemi innan svæðisins.

Hrunamannahreppur:

21. Auðsholt 1 L166716 og Auðsholt 3 L166718; Auðsholt 1B og Auðsholt 3B; Stofnun lóða - 2310008

Lagðar eru fram umsóknir um stofnun tveggja landeigna. Óskað er eftir að stofna 5,4 ha landeign, Auðsholt 1B, úr Auðsholti 1 L166716. Garðávaxtageymsla er innan nýju landeignarinnar. Einnig er óskað eftir að stofna 48,3 ha landeign, Auðsholt 3B, úr Auðsholti 3 L166718. Engin mannvirki eru innan landeignarinnar.

Aðkomur eru um heimreið að Auðsholtsbæjum eins og sýndar eru á uppdráttum. Kvöð er um þær aðkomur eða aðrar sambærilegar.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun umsótttra lóða skv. fyrirbyggjandi umsóknnum. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

22. Ás L166710; Náttúruleigin Hrunalaug; Deiliskipulag - 2303064

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Hrunalaugar. Í skipulaginu felst m.a. að skilgreindir eru tveir byggingarreitir innan svæðisins, byggingarreit A og B. Á byggingarreit A er heimilt er að byggja tvö þjónustu- og salernishús. Stærð hvorra húsa má vera allt að 150 m² og hámarks mænishæð 3 m frá gólfplötu. Á byggingarreit B er gert ráð fyrir skiptiaðstöðu fyrir laugina að hámarki 50 m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

23. Grandi L166643; Votadæl 1, 3 og 5; Fjölgun lóða; Deiliskipulagsbreyting - 2211025

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Granda L166643 (Votadæl) úr jörð Sandlækjar eftir auglýsingu. Í breytingunni felst fjölgun lóða og byggingarreita innan svæðisins. Eftir breytingu er gert ráð fyrir 3 lóðum á svæðinu þar sem heimilt verði að reisa allt að 3 hús á hverri lóð innan nýtingarhlutfalls 0,03. Heimilt er að byggja íbúðarhús m/bílskúr, gestahús og skemmu/geymslu í samræmi við nýtingarhlutfall. Athugasemdir bárust við gildstöku deiliskipulagsbreytingarinnar frá Skipulagsstofnun og er sú afgreiðsla lögð fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt andsvara.

Í athugasemdum Skipulagsstofnunar er tilgreint að samkvæmt ákvæðum aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps sé ekki gert ráð fyrir nýjum byggingum á landbúnaðarsvæðum í flokki I og II. Að mati skipulagsnefndar er viðkomandi ákvæði aðalskipulags mikilvægt til að vernda gott landbúnaðarland gagnvart ágangi uppbygginga, sérstaklega innan bújarða. Hins vegar telur nefndin að viðkomandi

land sem tillagan tekur til sé ekki þess eðlis að veruleg skerðing á góðu landbúnaðarlandi hljótist af við uppskiptingu þess og skilgreiningu byggingarreita þar sem landið tekur eingöngu til 5 ha svæðis sem hingað til hefur ekki verið nýtt til landbúnaðar. Í stefnu aðalskipulags má ráða að framlögð ákvæði teljist ekki bindandi heldur séu háð mati hverju sinni. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn Skipulagsstofnunar með fullnægjandi hætti í framlagðri bókun. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Öll sveitarfélög:

24. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-192 - 2309005F

Lögð er fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-192

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15

**Fundargerð skipulagsnefndar UTU
268. fundur skipulagsnefndar UTU
haldinn miðvikudaginn 25. október 2023
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Herbert Hauksson, Walter Fannar Kristjánsson, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson, Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi, Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi og Elísabet D. Erlingsdóttir aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa.

Fundargerð ritaði: Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi

Nefndarmenn tóku þátt í gegnum fjarfundabúnað og fundargerð send til rafrænnar undirritunar.

Dagskrá:

Ásahreppur:

1. Litlaland lóð L204654 og Litlaland L172908; Byggingarreitir og aðkoma; Deiliskipulag - 2310030

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags fyrir Litlaland lóð L204654 og Litlaland L172908. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, hesthús, reiðhöll og gestahús. Tveir byggingarreitir eru skilgreindir og þar standa fyrir tvö hús. Skipulagssvæðið er um 2 ha að stærð og fyrirhugað að stækka lóð Litlalands lóð L204654 úr 7.688 fm í 10.000 fm. Heildarbyggingarmagn er skilgreint 1.500 fm fyrir Litlaland lóð og 550 fm fyrir Litlaland.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við hreppsnefnd Ásahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Mælist nefndin til þess að málið verði sérstaklega kynnt landeiganda Berustaða 2 land 1 vegna hagsmuna er varða nýja vegtengingu að frístundahúsi á aðliggjandi landi.

Bláskógabyggð:

2. Skógarholt; Frístundabyggð í landi Reykjavalla; Endurskoðun deiliskipulags - 2309101

Lögð er fram tillaga er varðar heildarendurskoðun deiliskipulags frístundabyggðarinnar Skógarholts í landi Reykjavalla. Við gildistöku deiliskipulagsins er gert ráð fyrir því að eldri tillaga m.s.br. falli úr gildi. Skipulagið tekur til 37 frístundalóða, götur og veitur hafa þegar verið byggðar og frístundahús hafa risið á flestum lóðum innan skipulagssvæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

3. Apavatn 2 lóð (L167668); byggingarheimild; gestahús - 2307028

Fyrir liggur umsókn Vigfúsar Halldórssonar fyrir hönd Raven Design ehf., móttækin 10.07.2023, um byggingarheimild fyrir 40 fm gestahúsi á sumarbústaðalandinu Apavatn 2 lóð L167668 í Bláskógabyggð. Athugasemdir bárust á kynningartíma framkvæmdarinnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt viðbragða.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að útgáfa byggingarheimildar verði samþykkt eftir grenndarkynningu og að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Að mati nefndarinnar hefur þeim athugasemdum sem bárust vegna málsins verið svarað með fullnægjandi hætti í framlagðri samantekt athugasemda og viðbragða. Framlagt við afgreiðslu nefndarinnar er bréf byggingarfulltrúa til umsækjanda um stöðvun framkvæmda. Nefndin gerir verulegar athugasemdir við að framkvæmdir hafi hafist áður en kynningartíma málsins var lokið.

4. Laugarvatn; Einbúi, Reitur 8; Breyttir skilmálar og fjölgun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting - 2310057

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Reit 8 (Einbúa) á Laugarvatni. Í breytingunni felst að uppbygging innan lóðar verður eingöngu á efra svæði en engin byggð á neðra svæði. Einnig eru gerðar breytingar á byggingarskilmálum, í stað bygginga í fornum stíl verði 32 ferðapjónustuhús, 30-40 fm að stærð og mænishæð þjónustuhúss hækkar úr 5,9 m í 6,5 m. Bílastæði verða staðsett við ferðapjónustuhús og þjónustuskála. Nýtingarhlutfall er 0,05.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

5. Borgarrimi 9 í Reykholti; Parhúsalóð í raðhúsalóð; Deiliskipulagsbreyting - 2310063

Lögð er fram umsókn frá Bláskógabyggð um óverulega breytingu á deiliskipulagi Reykholtis. Í breytingunni felst að parhúsalóð við Borgarrima 9 er breytt í 3ja íbúða raðhúsalóð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Breytingin verði grenndarkynnt lóðarhöfum Borgarrima 1, 3, 5, 7 og 11.

Flóahreppur:

6. Hraungerði L166237; Þinghús; Skilgreining lóðar og byggingarheimilda; Deiliskipulag - 2308032

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til landskika úr landi Hraungerðis L166237. Deiliskipulag þetta tekur til nýrrar lóðar sem stofnuð verður úr jörðinni. Nýja lóðin kemur til með að bera heitið Þinghús, eftir gamalli þinghúsatóft sem er innan skipulagssvæðisins. Á svæðinu verður heimild til að byggja íbúðarhús, gestahús, bílskúr og/eða skemmu eða önnur útihús. Núverandi metangasstöð sem

staðsett er í Hraungerði verður flutt vestur yfir Oddgeirshólaveg og verður starfrækt innan nýrrar lóðar Þinghúsa. Málinu var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 3.10.23 þar sem athugasemdir voru gerðar við útfærslu skipulagsins. Brugðist hefur verið við athugasemdum á uppdrætti og innan greinargerðar.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Mælist nefndin til þess að málið verði sérstaklega kynnt eigendum aðliggjandi landeigna.
Walter Fannar Kristjánsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

7. Þingdalur land L203007; Þinghús; Breytt heiti lóðar - 2310062

Lögð er fram umsókn Auðar Atladóttur um breytt staðfang. Óskað er eftir því að lóðin Þingdalur land L203007 fái staðfangið Þinghús. Í umsókninni kemur fram rökstuðningur fyrir nýja staðfanginu.

Skipulagsnefnd UTU gerir athugasemd við umsókn um breytt staðfang lóðarinnar þar sem staðfangið Þinghús er nú þegar í notkun innan deiliskipulags fyrir lóð úr landi Hraungerðis. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að beiðni um breytingu á staðfangi verði hafnað.

Grímsnes- og Grafningshreppur:

8. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032; Íbúðarsvæði ÍB2 og Miðsvæði M1; Borg í Grímsnesi; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting - 2303045

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar er varðar breytingu á landnotkunarsvæðum innan þéttbýlisuppdráttar fyrir Borg í Grímsnesi. Í breytingunni felst endurskoðun afmörkunar og skilmála fyrir ÍB2. Endurskoðun afmörkunar og skilmála M1 og breytt afmörkun aðliggjandi svæða til samræmis við breyttar áherslur innan skipulagssvæðisins sem ofangreindir landnotkunarflákar taka til.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. Borgarhólsbraut 7 L169737 og Borgarhólsbraut 9 L169714; Staðfesting á afmörkun og breytt stærð lóða - 2310025

Lögð er fram umsókn um staðfestingu á afmörkun og breytta stærð lóðanna Borgarhólsbraut 7 L169737 og Borgarhólsbraut 9 L169714 skv. hnitsetningu sem ekki hefur legið fyrir áður. Borgarhólsbraut 7 er skráð 5.500 fm en mælist 5.627,5 fm og Borgarhólsbraut 9 er skráð 5.500 fm en mælist 5.627,5 fm skv. meðfylgjandi lóðablöðum. Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir lóðirnar. Kvöð er á Borgarhólsbraut 7 um að eigendur Borgarhólsbrautar 9 hafi afnot af núverandi hellulögðum göngustíg sem liggur að húsi sem er innan lóðar 9. Ennfremur hafa eigendur lóða 7 og 9 fulla heimild til að nýta sér þau bílastæði sem eru niður við Borgarhólsbraut.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðanna skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykki erindið.

10. Neðan-Sogsvegur 14 (L169341); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður, breytt notkun í gestahús - 2212091

Fyrir liggur umsókn Páls Gunnlaugssonar, fyrir hönd Kristjáns Arnarssonar og Sifjar Arnarsdóttur, um byggingarheimild fyrir breyttri notkun í gestahús á þegar byggðum 55,6 m² sumarbústaði mhl 01, byggður árið 1960, sem er staðsettur á sumarbústaðalandinu Neðan-Sogsvegur 14 L169341 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Skipulagsnefnd bendir á, í takt við fyrri bókanir nefndarinnar vegna málsins, að forsenda útgáfu byggingarleyfis fyrir frístundahúsi á viðkomandi lóð á sínum tíma hafi verið niðurrif umræddrar byggingar. Byggði það á þeim forsendum að samkvæmt skilmálum aðalskipulag og gildandi deiliskipulags svæðisins var ekki gert ráð fyrir því að aukahús á lóð gætu verið stærrí en 40 fm að stærð. Nú hafa forsendur breyst er varðar heimildir fyrir stærðum aukahúsa á frístundalóðum bæði innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps og innan gildandi deiliskipulags þar sem stærð aukahúss er bundin við nýtingarhlutfall lóða fremur en hámarksstærð. Umrædd bygging var byggð fyrir gildistöku núverandi skipulagslaga og reglugerðar og er staðsett innan við takmarkanir er varðar fjarlægð frá vatnsbakka og fjarlægð frá lóðarmörkum aðliggjandi lóðar. Sökum aldurs hússins hafa núverandi takmarkanir reglugerðar ekki orðið til þess farið sé fram á niðurrif húsa á þeim forsendum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að ekki verði gerð athugasemd við breytta skráningu hússins og að sveitarstjórn falli frá fyrri ákvörðun um niðurrif hússins á grunni fyrrgreindra breyttra forsenda gagnvart stærðum aukahúsa á frístundalóðum. Sökum forsögu málsins og staðsetningar hússins mælist nefndin til þess að breytt skráning hússins verði grenndarkynnt aðliggjandi lóðarhöfum sem hugsanlegra hagsmuna hafa að gæta vegna fjarlægðar hússins að sameiginlega lóðarmörkum.

11. Nesjavellir; Skipulags- og matslýsing; Deiliskipulagsbreyting - 2310056

Lögð er fram skipulags- og matslýsing er varðar breytingu á deiliskipulagi Nesjavalla. Markmið endurskoðunar deiliskipulagsins er að skilgreina svæði fyrir nýjar uppbotarvinnsluholur og niðurdælingarholur. Endurskoðunin felur í sér breytta afmörkun iðnaðarsvæðis og hverfisverndar til samræmis við breytt aðalskipulag og verður afmörkun skipulagssvæðisins endurskoðuð með tilliti til þessara breytinga. Einnig verða færðar inn í deiliskipulagið þau mannvirki og lagnir sem byggð hafa verið á síðustu 10 árum ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tímabilinu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafninghrepps að samþykkja framlagða skipulags- og matslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

12. Öndverðarnes 2 lóð L170121; Selvíkurvegur 12 og 13; Skilmálar og skipting lóðar; Deiliskipulag - 2310041

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Öndverðarnes 2 lóðar L170121. Lóðin er staðsett á frístundasvæðinu F30 í Öndverðarnesi. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir frístundahús, aukahús og geymslu. Einnig er gert ráð fyrir að heimilt verði að skipta lóðinni upp í tvær lóðir, Selvíkurveg 12 og 13.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Skipulagsnefnd leggur áherslu á að málið verði sérstaklega kynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða við deiliskipulagssvæðið.

13. Grænahlíð 1A L233884; Gesta- og þjónustuhús; Fyrirspurn - 2310064

Lögð er fram fyrirspurn frá Suðurhæðum ehf. um leyfi til að byggja gesta- og þjónustuhús fyrir ferðamenn á landinu Grænahlíð 1A. Lóðin liggur utan skilgreindra deiliskipulagsmarka Grænuhlíðar. Landnotkun á svæðinu skv. aðalskipulagi er skilgreint landbúnaðarsvæði (L3) og leyfilegt nýtingarhlutfall því 0,05. Húsunum er skipt upp í minni einingar og liggja með landinu þannig þau falli sem best að landslaginu.

Að mati skipulagsnefndar er uppbygging ferðarþjónustu á viðkomandi lóð háð því að unnin verði breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem skilgreint verði verslunar- og þjónustusvæði og að unnið verði deiliskipulag sem gerir með ítarlegri hætti grein fyrir uppbyggingu innan lóðarinnar. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að ekki verði gerð athugasemd við að unnin verði sameiginleg skipulags- og matslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags. Lýsing væri kynnt sérstaklega innan skipulagssvæðis við Grænuhlíð þar sem sameiginlegir hagsmunir eru á svæðinu m.a. gagnvart vegtengingu.

14. Stóra-Borg lóð 16 L218060; Íbúðarsvæði með rúmum byggingarheimildum; Deiliskipulag - 2302027

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags fyrir landbúnaðarsvæði í landi Stóru-Borgar lóðar 16 L218060. Svæðið, sem er 54,9 ha að stærð, er staðsett norðanvestan við Borg í Grímsnesi og kemur til með að heita Borgarheiði. Með deiliskipulaginu eru skilgreindar 32 lóðir sem eru á bilinu 0,9-1,5 ha. Aðkoma er frá Biskupstungnabraut (35) og í gegnum þéttbýlið á Borg. Gönguleiðakerfi tengir svæðið við nærliggjandi græn svæði og við þéttbýlið Borg. Heimilt er að vera með léttu atvinnustarfsemi innan lóða, s.s. skógrækt, húsdýrahald og minniháttar verslun.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Björn Kristinn Pálmarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

15. Borg í Grímsnesi; Borgarteigur; Íbúðarbyggð og hesthúsahverfi; Deiliskipulag - 2210030

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi sem tekur til Borgarteigar, landbúnaðarsvæðis við Minni-Borg golfvöll, Móaflöt 1 og Móaflöt 2-11. Svæðið er staðsett sunnan Biskupstungnabrautar og austan Sólheimavegar. Með nýju deiliskipulagi er afmarkað svæði fyrir 12 íbúðalóðir og hesthúsahverfi. Íbúðalóðir eru með rúmum byggingarheimildum og er heimilt að stunda þar léttan iðnað, skógrækt og húsdýrahald. Áhersla er lögð á góðar göngutengingar innan svæðisins og að helstu þjónustum sem þéttbýlið á Borg hefur upp á að bjóða. Gott aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda verður tryggt með hjóla- og göngustíg samhliða Sólheimavegi, milli Borgar og Sólheima.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Hrunamannahreppur:

16. Sunnuhlíð, Fannborgartangi; Íbúðarsvæði; Endurskoðað deiliskipulag - 2306086

Lögð er fram tillaga að heildarendurskoðun deiliskipulags íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar, vestan núverandi þéttbýlis að Flúðum eftir auglýsingu og yfirferð Skipulagsstofnunar. Deiliskipulagið tekur til íbúðarsvæðis ÍB8, verslunar- og þjónustusvæðis VP5, iðnaðarsvæðis I3 og opins svæðis OP5 að hluta. Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjölbreyttri íbúðarbyggð í formi einbýlishúsa, parhúsa og raðhúsa. Á verslunar- og þjónustureit er gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu gistipjónustu. Á iðnaðarreit er gert ráð fyrir uppbyggingu hreinsivirkis fyrir svæðið og á opnum svæðum er gert ráð fyrir heimildum fyrir uppbyggingu göngu- og reiðstíga. Athugasemdir bárust við gildistöku áætlunar af hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær athugasemdir ásamt andsvörum og uppfærðum gögnum lögð fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

17. Álfröð L222125 og Engjateigur vegsvæði L222124; Breyttir byggingarskilmálar og niðurfelling vegar; Deiliskipulagsbreyting - 2310038

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi Álfsstaða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Breytingin tekur til lóðanna Álfröð L222125 og Engjateigur vegsvæði L222124. Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitir hliðrast og vegur, sem gert er ráð fyrir í núverandi deiliskipulagi, er felldur út. Byggingarheimildir fyrir hesthús og íbúðarhús eru óbreyttir úr gildandi deiliskipulagi en stærð gistihúss eykst úr 400 í 1.000 fm.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

18. Votamýri 2 L166505; Votamýri 2A; Stofnun lóðar - 2310036

Lögð er fram umsókn frá Gunnari Má Þórðarsyni um stofnun lóðar úr landi Votumýrar 2 L166505. Um er að ræða 6,1 ha lóð sem fær staðfangið Votamýri 2A. Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um uppfærð gögn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki erindið.

268. fundur Skipulagsnefndar
25.10.2023

Öll sveitarfélög:

19. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-193 - 2310003F

Lögð er fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-193.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:20